

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttismála
Mál nr. S-42/2019

Reykjavík, 18. febrúar 2019

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um frumvarp um kynrænt sjálfræði

UNICEF á Íslandi fagnar drögum að frumvarpi til laga um kynrænt sjálfræði og tekur undir með umboðsmanni barna að tillögur frumvarpsins feli í sér mikilvæga réttarbót í málefnum hinseginfólks á Íslandi. Hins vegar tryggji það ekki nauðsynlega vernd barna, sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, gegn óafturkræfum og ónauðsynlegum inngripum í líkama þeirra án samþykkis þeirra.

Eitt af markmiðum þessa frumvarps er að tryggja rétt einstaklinga til að geta notið réttar síns til líkamlegrar friðhelgi og sjálfstæðis varðandi breytingar á kyneinkennum. Aftur á móti tekur sá réttur ekki til barna yngri en 16 ára, sem er miður. Í því ljósi má benda á að árið 2015 gaf umboðsmaður barna út álit um stöðu barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og kemst þeirri niðurstöðu að ónauðsynleg og óafturkræf inngrip í líkama ungbarna samræmist ekki réttindum þeirra. Þar af leiðandi eigi börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni að taka eigin ákvörðun um að gangast undir skurðaðgerð og/eða hormónameðferð þegar þau hafa mótað eigin kynvitund og náð þeim aldri og þroska sem þarf til að taka upplýsta ákvörðun.

Jafnramt má nefna að ýmsar alþjóðlegar stofnanir hafa fordæmt ónauðsynlegar aðgerðir á börnum með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, Evrópuráðið, Evrópuþingið, Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og sérstakur eftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna um pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fer með eftirlit með Barnasáttmálanum, beindi þeim tilmælum til aðildarríkja að virða líkamlega friðhelgi og sjálfsávörðunarrétt intersex-barna og hverfa frá læknisfræðilega óþörfum inngripum í líkama barna. Þar að auki hefur nefndin bent á mikilvægi þess að foreldrar intersex-barna fái viðeigandi ráðgjöf og stuðning. Nýleg dæmi um athugasemdir barnaréttarnefndarinnar þar að lútandi eru athugasemdir til Danmerkur frá 26. október 2017 og til Spánar frá 5. mars 2018.

UNICEF á Íslandi telur að frumvarp um kynrænt sjálfræði eigi, í samræmi við allt ofantalið, að tryggja börnum yngri en 16 ára með ódæmigerð kyneinkenni rétt til líkamlegrar friðhelgi og vernd gegn óafturkræfum og ónauðsynlegum inngripum á líkama þeirra án samþykkis þeirra.

Virðingarfyllt,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi
bergsteinn@unicef.is
S: 552 6364 / 615 4049